

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps.
Þjóðminjasafni Íslands, 30. maí 2023 kl. 13.15

1. **Fundur settur, kjör fundarstjóra og fundarritara:** Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Sarps (RS), setti fundinn kl. 13:15 í forföllum Ágústu Kristófersdóttur, formanns framkvæmdastjórnar. Fyrsta mál á dagskrá var kjör fundarstjóra og fundarritara. Tillaga var borin upp um að Erla S. Árnadóttir yrði fundarstjóri. Var það einróma samþykkt. Fundarstjóri tók til máls og lagði til að Gerður Róbertsdóttir væri fundarritari sem var einróma samþykkt. Fundurinn var jafnframt fjarfundur gegnum Teams.
2. **Fundarstjóri tekur við fundarstjórn:** Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins og lýsti fundinn löglega boðaðan. Hún gerði grein fyrir því að fundinum væri streymt á Teams og óskaði eftir því að viðkomandi fundarmenn, sem voru tveir úr hópi eignaraðila, gæfu merki til Völu Gunnarsdóttur eða Önnu Rutar Guðmundsdóttur ef þeir óskuðu að taka til máls. Fundarstjóri fór því næst yfir lista fulltrúa aðildarsafna, kosningarétt og umboð.

Mæting sameignaraðila á aðalfund RS 2023

Heiti safns	Eignarhlutur safns	Viðvera á aðalfundi 2022	Nafn þess sem fer með umboð	komment
Þjóðminjasafn Íslands	32,5	32,5	Þorbjörg Gunnarsdóttir	
Borgarsögusafn (áður Minjasafn Reykjavíkur)	9,0	9,0	Guðbrandur Benediktsson	
Listasafn Íslands	7,0	7,0	Björn Steinar Pálmason	
Minjasafnið á Akureyri	6,0	6,0	Haraldur Egilsson	
Byggðasafnið Skógum	4,5	0,0		
Menningarmiðstöð Þingeyinga	2,5	0,0		
Byggðasafn Skagfirðinga	3,5	0,0		
Byggðasafn Árnesinga/Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	2,0	0,0		
Listasafn Kópavogs Gerðarsafn	2,0	2,0	Cecilie Gaihede	
Hafnarborg	2,0	2,0	Hólmar Hólm	fjarfundur
Gljúfrasteinn - hús skáldsins	1,5	1,5	Sigrún Ásta Jónsdóttir	
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	2,0	0,0		
Síldarminjasafn Íslands	1,5	1,5	Anita Elefsen	
Minjasafn Austurlands	1,5	0,0		
Listasafn Reykjanesbæjar	1,5	0,0		
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1,5	1,5	Eva Kristín Dal	
Safnahús Borgarfjarðar	1,5	0,0		
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1,5	0,0		
Nýlistasafnið	1,0	1,0	Sunna Ástþórsdóttir	
Byggðasafnið Akranesi	1,5	1,5	Nanna Þóra Áskelsdóttir	
Örnefnasafn Árnastofnunar	1,0	0,0		
Hönnunarsafn Íslands	1,0	1,0	Bóel Hörn Ingadóttir	
Byggðasafn Dalvíkurbyggðar Hvoll	1,0	0,0		
Tækniminjasafn Austurlands	1,0	0,0		
Listasafn ASÍ	1,0	0,0		
Byggðasafn Garðskaga	1,0	0,0		
Minjasafnið Bustarfalli	1,0	0,0		
Byggðasafn Vestfjarða	1,0	1,0	Jóna Símonía Bjarnadóttir	fjarfundur
Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	1,0	0,0		
Byggðasafnið Reykjum	1,0	0,0		
Minjastofnun Íslands (áður húsafriðunarnefnd)	0,5	0,0		
Ljósmyndasafnið Ísafirði	0,5	0,0		
Listasafn Árnesinga	0,5	0,0		
Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti	0,5	0,0		
Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns	0,5	0,0		
Byggðasafn Dalamanna	0,5	0,0		
Iðnaðarsafnið á Akureyri	0,5	0,0		
Landbúnaðarsafn Íslands	0,5	0,0		
Samtals	100,0	67,5		

Fundinn sátu einnig:

Anna Rut Guðmundsdóttir, Rekstrarfélag Sarps

Vala Gunnarsdóttir, Rekstrarfélag Sarps

Dagný Heiðdal, Listasafn Íslands

Nathalie Jacqueminet, Listasafn Íslands

Þorvaldur Gröndal, Borgarsögusafn Reykjavíkur

Þóra Sigurbjörnsdóttir, Listasafn Einars Jónssonar

Harpa Þórsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands

Þorvaldur Böðvarsson, Þjóðminjasafni Íslands

Þórir Ingvarsson, Þjóðminjasafni Íslands

Kristín Halla Baldvinsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands

Ármann Guðmundsson, Þjóðminjasafni Íslands

Anita Elefsen, Síldarminjasafni

Þóra Björg Andrésdóttir, Náttúruminjasafni Íslands

Ólöf Bjarnadóttir, Þjóðminjasafni Íslands

Gerður Róbertsdóttir, Borgarsögusafn

Sveinbjörg Sveinsdóttir, Rekstrarfélag Sarps

Erla S. Árnadóttir, LEX.

3. **Árskýrsla stjórnar RS:** Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdarstjóri Rekstrarfélags Sarps (RS) kynnti skýrslu stjórnar RS árið 2022 í forföllum Ágústu Kristófersdóttur sem forfallaðist.
4. **Ársreikningar RS:** Björn Steinar Pálmason, gjaldkeri, kynnti ársreikning RS vegna ársins 2022.
5. **Umræður:** Fundarstjóri bauð upp á umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Spurningar í framhaldi af kynningu á skýrslu stjórnar og ársreikningi:

Sigrún Ásta Jónsdóttir spyr hvort greiðslur safna myndu aukast með nýju kerfi. Sveinbjörg Sveinsdóttir svarar: Ekki fyrirséð sem stendur, fer eftir því hvernig tekst til með fjármögnun. En ljóst að rekstrarkostnaður er að hækka og viðbótarkostnaður er ekki allur kominn í ljós. En það er búið að fjármagna kaup og grunnkostnað við nýtt skráningarkerfi.

Guðbrandur Benediktsson, Borgarsögusafni, spyr um aðkomu og gjöld til Ríkiskaupa og ráðgjafa og hvort nauðsynlegt hafi verið að fara í útboð? Sveinbjörg Sveinsdóttir svarar: Nauðsynlegt var að bjóða út, Rekstrarfélagið er í eigu opinberra stofnana og því var sú leið farin. Vinna RS, ráðgjafa og Ríkiskaupa við vinnslu útboðsgagna var mjög gagnleg og ítarleg og mun gagnast áfram. Framlag utanaðkomandi ráðgjafa var einnig bæði nauðsynleg og gagnlegt, meðal annars rýni og útreikningar á framreiknuðum kostnaði við rekstur kerfisins.

Fundarstjóri bar ársreikninginn upp til samþykktar eða synjunar. Var ársreikningur samþykktur einróma.

6. **Tillaga um framlag í þróunarsjóð** lögð fram. Fundarstjóri kynnti tillögu framkvæmdastjórnar RS um 5 milljóna framlag á árinu 2025, tillagan var samþykkt samhljóða.
7. **Kosning fulltrúa í fulltrúaráð:** Fundarstjóri kynnti tillögu að skipun fulltrúa í fulltrúaráði og var hún samþykkt samhljóða.
1. Þorbjörg Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri fjármála- og þjónustu Þjms. Formaður ráðsins
 2. Anita Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafns Íslands
 3. Ágústa Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri safneignar Þjms.
 4. Berglind Þorsteinsdóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga
 5. Björn Steinar Pálmason, fjármála- og mannauðsstjóri Listasafns Íslands
 6. Gerður Róbertsdóttir, verkefnastjóri munavörslu Borgarsögusafni Reykjavíkur
 7. Dagný Heiðdal, sérfræðingur/listfræðingur á Listasafni Íslands
 8. Elsa Guðný Björgvinsdóttir, Minjasafn Austurlands
 9. Þorvaldur Gröndal, verkefnastjóri Borgarsögusafni Reykjavíkur
10. **Kosning endurskoðenda:** Fundarstjóri bar upp tillögu um að Halldór Arnarsson, löggiltur endurskoðandi hjá Bakland endurskoðun og ráðgjöf ehf. yrði kosinn endurskoðandi ársreikninga fyrir 2023. Var það samþykkt.
11. **Önnur mál:** Engin önnur mál en vísað í fundarboð um að eftir að fundi yrði slitið færi fram kynning á vinnu við undirbúning á nýjum Sarpi og einnig yrði fulltrúi Zetcom GmbH, Dominic Gertsch, með kynningu á eMuseumPlus.

Fundi var slitið kl. 14:05.

Erla S. Árnadóttir, fundarstjóri

Gerður Róbertsdóttir, fundarritari